

**Nd. 379. Tillaga til þingsályktunar**

vegna ríkisreikningsins 1937 og athugasemda endurskoðenda við hann.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Alþingi ályktar:

A. Að skora á ríkisstjórnina:

1. Að hafa eftirlit með, að skrifstofukostnaður einstakra embætta fari ekki óhæfilega mikið fram úr áætlun fjárlaga, enda sé hann þar jafnan ákveðinn í sem nánustu samræmi við þörf hvers embættis um sig.
2. Að koma í veg fyrir, að rekstrarhalli einstakra stofnana (sbr. rannsóknarstofu háskólans), sem ekkert er ætlað fyrir í fjárlögum, sé greiddur athugasemda-laust af ríkinu.
3. Að sjá svo til, að ríkisbúunum á Kleppi og Vífilsstöðum sé reiknað fullt verð fyrir afurðir sínar, sem þau afhenda sjúkrahúsum ríkisins.

B. Að skora á yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna að gæta þess í hvívetna, að gera athugasemdir sínar svo hlutlausar sem auðið er, án pólitískrar eða persónulegrar áreitni, þannig að einn sé ekki vittur fyrir það, sem þagað er yfir hjá öðrum, og að samskonar athugasemdir séu gerðar við sömu yfirsjónir, hver sem í hlut á.

### Greinargerð.

Minni hl. fjárhagsnefndar, þeir SK og StSt, hafa flutt tillögu til þingsályktunar vegna athugasemda yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1937, án þess að hafa áður borið það undir fjárhagsnefnd í heild og þar sem aðeins eru teknar af handahófi aðfinnslur yfirskoðunarmanna, og þá vitanlega helst þær, sem þeim geðjast bezt til að deila á andstæðinga sína. Hinsvegar er ekki gætt að benda á miklu stórfenglegri veilur, ef þær eru hjá „réttum“ aðilum. — Þetta er að visu nokkur vorkunn, þar sem sá endurskoðandinn, sem athugasemdirnar hefir gert, einn sér, hefir haft þessa sömu aðferð við að taka upp athugasemdir sínar, eins og nánar skal bent á síðar, í sambandi við síðari hluta tillögu þessarar. Vegna þessa vill meiri hl. fjárhagsn. (þeir SvBH, StgrSt og ÁÁ) benda á fleiri atriði í ríkisreikningnum, sem engu er síður ástæða til fyrir Alþingi að láta sig nokkru skipta en þau, sem nefnd tillaga bendir á. Skrifstofukostnaður flestra embætta, og þá einkum í Reykjavík, hefir farið fram úr fjárveitingu fjárlaga. Hinar einu undantekningar, sem meiri hl. nefndarinnar hefir rekizt á frá þessu, er fjármálaráðuneytið, sem hefir notað minna en fjárveiting var fyrir, og skrifstofa landlæknis, sem hefir fylgt fjárveitingu nákvæmlega. Hinsvegar hefir skrifstofa og stjórn vegamála farið rúm 23 þús. fram úr fjárveitingu, eða um 37%. Skrifstofukostn. lögmanns og laun hefir farið 22% fram úr fjárveitingu. Skrifstofukostn. og laun hjá lögreglustjóranum í Reykjavík hefir farið 32% fram úr fjárveitingu. Pósthúsið í Reykjavík 32% o. s. frv. Hinsvegar má benda á fyrirtæki eins og véneinkasöluna og tóbakseinkasöluna, sem hafa farið mjög nærri þeirri fjárveitingu, sem þeim var ætlað til þessa, eða um 3% aðeins hvor um sig fram yfir. Nú er meiri hl. nefndarinnar að visu kunnugt um, að hert var á eftirliti með áætlun fjárlaga og greiðslum vegna kostnaðar embætta 1938 af fyrrv. ríkisstjórn, en eigi að síður þykir ástæða til að gera skýra ályktun um þetta efni.

Þá virðist rekstrarhalli rannsóknarstofu háskólans, um 20 þús. kr., vera ærið hár, og væri ekki óeðlilegt, að Alþingi óskaði eftir betra eftirliti um þann rekstur en verið hefir, þegar hið opinbera er þannig látið greiða hallann, hvernig sem hann er til kominn.

Ríkisbúin á Kleppi og á Vífilsstöðum hafa sýnt nokkurn rekstrarhalla, Klepps-búið 2062.97 kr., sem er 7% af rekstrarútgjöldum þess, og Vífilsstaðabúið 4461.03 kr., sem er 10% af rekstrarútgjöldum þess. En þess ber að gæta, að bú þessi afhenda framleiðslu sína, sem er aðallega mjólk, til ríkisspítala á verði, sem er allmikið undir markaðsverði nú, og styrkja þannig rekstur sjúkrahúsanna á þann hátt. Þeir, sem nú hafa leyfi til sölu ógerilsneyddrar mjólkur beint til neytenda, selja hana á 40 aura hvern lítra. Hinsvegar afhenda ríkisbúin, sem verða að fullnægja sömu skilyrðum og þeir, er undanþágu njóta, mjólk sína á 28 au. hvern lítra. Þótt sölukostnaður og dreifingar sé einhver vitanlega, er ekki hægt að hugsa sér, að hann sé svo mikill sem hér um ræðir, enda þótt búin greiði ekki verðjöfnunargjald.

Þessi útkoma búanna á Vífilsstöðum og Kleppi sýna því ekki raunverulegan rekstur þeirra fyrir ríkið, og má telja sjálfsagt, að það sé fært á réttan hátt. Væri þetta athugandi áður en tekin væri ákvörðun um að selja búin á leigu og láta sjúkrahúsin síðan kaupa mjólkina á miklu herra verði.

Þá er loks síðasta atriði tillögunnar. Þegar litið er á athugasemdir endurskoðenda ríkisreikninganna, þá einkum þær, sem einn þeirra (JPálm) hefir gert einn sér, þá kemur í ljós, að flestar þeirra eru ýmist vanhugsaðar, hlutdrægar eða af hinu mesta handahófi gerðar. Skal hér bent á örfá atriði þessu til sönnunar:

1. Þegar endurskoðandinn hefir fundið að því, að fiskimálanefnd hafi ekki borið sig beint fjárhagslega hvað rekstri viðvikur, og fengið það svar, að til þess hafi ekki verið ætlað fyrst og fremst með stofnun hennar, heldur hafi hún átt að gera sölutilraunir og annað til eflingar markaði fyrir fiskafurðir, þar sem vitanlega varð að leggja fé í hættu, eins og með allar byrjunartilraunir, þá kemst endur-

skoðandinn að þessari reikningslegu(!) niðurstöðu: Að það, sem tilfært sé í athugasemd sinni, sé „sönnun fyrir þeirri alkunnu vissu, að það sé aldrei heppileg ráðstöfun að taka velferðarmál framleiðslunnar úr höndum aðilanna sjálfra og þeirra félagsskapar“. Á vist að skilja það á þann veg, að alkunn vissa sé, að starf fiskimálanefndar hafi gert fiskimönnum og öðrum, sem hún hefir unnið fyrir, ógagn eitt, enda þótt vitað sé, að mjög er það starfi fiskimálanefndar að þakka, að opnast hafa nýir og góðir sölumöguleikar fyrir fisk nú á þessum varhugaverðu og hættulegu tímum. Önnur röksemdafærsla er hér ekki við höfð. Má merkilegt telja, ef Alþingi telur slíkt sæmamið trúnaðarmönnum sínum, sem ætlað er að leggja tölulegar niðurstöður, en ekki órökstutt orðaglamur, fyrir þingið í tillögum sínum.

2. Eins og áður er tekið fram, fór rekstrarkostnaður tóbakseinkasölnunnar 3% fram úr áætlun fjárlaga, en skrifstofu- og launagreiðslur hjá vegamálastjóra fór 37% fram úr áætlun fjárlaga. Um hið fyrra segir yfirskoðunarmaðurinn Jón Pálmason, þar sem aðeins er um 3% að ræða:

„Launahækkunar virðist ekki hafa verið nein þörf, og þarf að fyrirbyggja, að framkvæmdin á því sviði sé ekki gagnstæð vilja Alþingis. Athugasemdinni er því skotið til gerða Alþingis.“

En í síðara tilfallinu, þar sem umframgreiðslan er 37%, segir sami yfirskoðunarmaður:

„Athugasemdin miðar við þá kröfu, að fjárlög séu haldin að mestu, og er til athugunar framvegis.“

M. ö. o., þeim starfsmanninum, sem fer 3% fram úr með stofnun sína, honum er sagt, að fjárlög séu til þess að þau séu haldin og vísað til aðgerða Alþingis að refsa honum á viðeigandi hátt. En hinum starfsmanninum, sem fer 37% fram yfir fjárveitingu, honum er sagt, að athugasemdin við fjárreiður hans sé aðeins til að benda á, að fjárlög séu haldin að mestu, og það skuli hann athuga framvegis. En að Alþingi eigi að veita honum aðhald eins og hinum fyrri, sem fór fram yfir fjárlög 3%, það er fellt niður með öllu. — Nú er enginn annar munur á þessum greiðslum sjáanlegur en sá, að annarsvegur er pólitískur andstæðingur yfirskoðunarmanns Jóns Pálmasonar og syndgar um 3% á greiðslum sínum. Hinsvegur er pólitískur skoðanabróðir hans og syndgar 37% á sínum greiðslum. En það virðist valda þessum mismunandi athugasemdum. Sá fyrri fær skýrt tilkynnt: löggin í gildi og dómur Alþingis um brotið. Hinn síðari: Löggin í gildi að mestu, og þarf því ekki dómur um það að ganga. Svo mikinn mun gerir þetta í augum yfirskoðunarmannsins, hver pólitísk trú embættismannsins er, að samherji hans má syndga 34% fram yfir andstæðing hans, og verða þó sýkn saka, en andstæðingurinn ákærður.

Af slíku má nefna miklu fleira. Skal aðeins bent á eftirfarandi:

Umframgreiðslur fjöggra skólanna hafa verið í heild:

Menntaskólans í Reykjavík .....	16%
Menntaskólans á Akureyri .....	14—
Kennaraskólans í Reykjavík .....	27—
Stýrimannaskólans í Reykjavík .....	30—

Þetta fer yfirskoðunarmaður þannig með, að menntaskólinn í Reykjavík er einn tekinn úr og á hann bent í þessum efnunum, þó að hann sé næstlægstur um umframgreiðslur, og verður ekki önnur ástæða fundin en sú, að forstöðumaður þessa skóla er þm. Framsóknarflokksins og því andstæðingur yfirskoðunarmannsins, en hinir forstöðumennirnir munu vera skyldari yfirskoðunarmanninum í skoðunum, og því er þeim sleppt við athugasemd.

Þá hneykslast yfirskoðunarmaður mjög á rekstrarhalla tveggja ríkisbúa, eins og áður er nefnt, og nemur samtals ca. 6500 kr., en hann minnst ekki einu orði á rekstrarhalla rannsóknarstofu háskólans, sem er 20675 kr., og er hún þó talin selja allt til bændna með sæmilega háu verði, sem þeir þurfa að fá hjá henni og ekki gert ráð fyrir

neinum halla í fjárlögum. Hér verður ekki séð önnur ástæða hjá yfirskoðunarmanninum en sú sama og áður, að annarsvegar er samherji hans, en hinsvegar andstæðingur.

Þannig má rekja áfram fyrir þann, sem kynnt hefir sér vinnubrögðin hjá þessum yfirskoðunarmanni, og er það vægast sagt þau vinnubrögð, sem ósæmileg verða að teljast hjá slíkum starfsmanni.

Er þess að vænta, að Alþingi viti slíkt og gefi endurskoðendum sínum aðhald um að vinna verk sín með meiri vandvirkni, ábyrgðartilfinningu og óhlutdrægni en þessi vinnubrögð yfirskoðunarm. JPálm bera með sér að þessu sinni.

Nánar í framsögu.